

Fimmtudaginn 6. janúar 1994.

Nr. 519/1993. **Nýja kökuhúsið hf.**

(sjálfir)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.)

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henryrsson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í g-lið 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með kæru 20. desember sl., sem barst Hæstarétti ásamt kærugögnum 27. s.m. Krefst hann þess, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sér 200.000 krónur í málskostnað í héraði með álagi samkvæmt 2. mgr. 131. gr. áðurnefndra laga. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Nýja kökuhúsið hf., greiði varnaraðila, Íslandsbanka hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. desember 1993.

Mál þetta, sem þingfest var fyrir dóminum 14. janúar sl., er höfðað af Íslandsbanka hf., Lækjargötu 12, Reykjavík á hendur Nýja kökuhúsinu hf., Austurstræti 8, Reykjavík til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 575.830,00 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari

breytingum frá 25. desember 1988 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnda var lögð fram greinargerð í þinghaldi 15. apríl 1993. Er þar gerð sú dómkrafa að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu. Þá er krafist málf lutningslauna að mati réttarins auk virðisauka-skatts.

Eftir að greinargerð stefnda kom fram var málinu þrívægis frestað til áttaumleitanu. Í þinghaldi 1. desember sl. féll stefnandi frá kröfum á hendur stefnda og var þess krafist að málið yrði felld niður og að stefnanda verði eigi gert að greiða hærri málskostnað en 30.000,00 kr.

Af hálfu stefnda var í sama þinghaldi krafist málskostnaðar, að fjárhæð kr. 200.000,00 að meðtöldum virðisaukaskatti, úr hendi stefnanda. Er krafa hans studd þeim rökum að samkvæmt venju dómsins beri að ákveða málskostnað í samræmi við þá hagsmuni sem um ræði í málinu. Höfuðstóll að fjárhæð kr. 575.830,00 auk dráttarvaxta frá 25. desember 1988 nemi kr. 1.548.659,40. Af hans hálfu er vísað til þess að í áskorunarmáli þar sem úti-vist hafði orðið af hálfu stefnda, en þar var krafist greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.407.510,00, var málskostnaður ákveðinn kr. 190.700,00. Því hafi ekki verið mótmælt að í því máli hafi tildæmdur málskostnaður verið í samræmi við venju. Af hálfu stefnda er því haldið fram að stefnanda hefði verið tildæmdur málskostnaður í máli þessu að fjárhæð kr. 200.000,00 að meðtöldum virðisaukaskatti, hefði útivist orðið af hálfu stefnda. Þá beri að taka tillit til þess að vinna af hálfu stefnda sé þegar orðin meiri en vinna stefnanda í dæmigerðu áskorunarmáli. Í greinargerð stefnda er þess krafist að stefnandi verði látinn greiða álag á málskostnað vegna málatilbúnaðar síns en af hálfu stefnda er því haldið fram að stefnandi hafi ekki veitt fullnægjandi upplýsingar um málsatvik varðandi kröfuna í stefnu.

Af hálfu stefnanda hefur komið fram, að hann hafi boðið stefnda 30.000,00 kr. í málskostnað en því boði hafi af hálfu stefnda verið hafnað.

Með vísan til c-liðar 1. mgr. 105. gr. laga um meðferð einkamála ber að fella mál þetta niður. Málskostnaður stefnda þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000,00 og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts en við ákvörðun málskostnaðar ber að leggja til grundvallar að málið er felld niður í beinu framhaldi af áttaumleitunum, sem hófust, er greinargerð hafði verið lögð fram af hálfu stefnda. Einnig er í þessu sambandi hafður til hliðsjónar dómur Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 23. nóvember 1993 í máli nr. 454/1993. Ekki þykja fram kominn haldbær rök fyrir því að dæma stefnanda til að greiða álag á málskostnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Mál þetta er felld niður.

Stefnandi, Íslandsbanki hf., greiði stefnda, Nýja kökuhúsinu hf., kr.
30.000,00 í málskostnað.
